

Um styrkþega Afreks- og hvatningarsjóðs stúdenta Háskóla Íslands 2015

Ásthildur Lára Stefánsdóttir brautskráðist frá Menntaskólanum við Sund vorið 2014 og var dúx skólans það ár. Hún tók virkan þátt í félagsstörfum í skólanum en eftir útskrift tók hún sér hlé frá námi í eitt ár og vann sem aðstoðarmaður á bráðamóttökunni í Fossvogi og sótti íþróttalýðháskóla í Danmörku. Ásthildur stefnir á nám í stærðfræði með sameindalíffræði sem kjörsvið og hefur í hyggju að kenna stærðfræði í framhaldsskóla í framtíðinni.

Bára Kristín Björgvinsdóttir varð stúdent frá Flensborgarskólanum í Hafnarfirði um síðustu áramót og var semidúx skólans. Hún á að baki átta ára tónlistarnám og hefur æft sund frá sex ára aldri. Hún æfir nú með úrvalshópi Sundfélags Hafnarfjarðar. Bára hyggur á nám í lyfjafræði í haust.

Brynhildur Ásgeirsdóttir varð dúx frá Borgarholtsskóla í vor og hlaut m.a. verðlaun fyrir framúrskarandi árangur í tungumálum. Hún hefur leikið á þverflautu frá 11 ára aldri og á menntaskólaárunum sigraði hún í forkeppni fyrir Ólympíuleikana í Þýsku. Brynhildur hyggur á nám í Þýsku og er þegar orðin formaður Linguae, nýs sameiginlegs nemendafélags tungumálanemenda við Deild erlendra tungumála bókmennta og málvísinda við Háskóla Íslands.

Daði Þór Þjóðólffson brautskráðist frá verk- og raunvísindadeild Keilis nú í vor með hæstu einkunn sem gefin hefur verið í Háskólabró skólans. Daði hefur einnig lokið prófi í rafeindavirkjun frá Iðnskólanum í Reykjavík og hyggur á nám í rafmagnsverkfræði í Háskóla Íslands í haust. Markmið hans er að vinna að sjálfbærri orkunýtingu í framtíðinni.

Eiður Örn Gunnarsson var dúx Tækniskólans í vor og er fyrstur nemenda úr Tækniskólanum til að hljóta styrk úr Afreks- og hvatningarsjóði stúdenta Háskóla Íslands. Eiður hefur mikinn áhuga á tölvum og tækni og austurlenskri menningu og stefnir á nám í tölvunarfræði í haust.

Gunnlaugur Helgi Stefánsson útskrifaðist frá Menntaskólanum í Reykjavík í vor, ári á undan jafnöldrum sínum. Hann er í landsliði Íslands í eðlisfræði sem tekur þátt í Ólympíuleikum á Indlandi í sumar og þá bauðst honum einnig að taka sæti í landsliði Íslands í efnafræði. Gunnlaugur hefur auk þess lokið framhaldsprófi í saxófónleik og skartar svarta beltinu í karate. Hann stefnir á nám í eðlisfræði með áherslu á stjarnvísindi.

Herdís Hergeirsdóttir lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík í vor. Hún lauk auk þess fyrir á árinu framhaldsprófi í píanóleik og mun í sumar spila með Ungfóniunni á tvennum tónleikum. Hún tók virkan þátt í félagslífi menntskælinga, var m.a. í kór Menntaskólans í Reykjavík og leikfélaginu Herranótt. Herdís stefnir á nám í læknisfræði í haust.

Hulda Hrund Björnsdóttir brautskráðist frá Menntaskólanum í Reykjavík í vor. Samhliða menntaskólanámi lagði hún stund á nám í nútímalistdansi við Danslistaskóla JSB. Þá á hún að baki tónlistarnám og hefur einnig æft handbolta og skák. Hún var auk þess virk í félagslífi MR og var m.a. í leikhópi og í stjórn Herranætur, leikfélags skólans. Hulda Hrund stefnir á nám í læknisfræði.

Huy Van Nguyen varð stúdent frá Kvennaskólanum í Reykjavík í vor og hlaut þar fjölmörg verðlaun fyrir framúrskarandi árangur í raunvísindagreinum. Hann var jafnframt sá eini af náttúruvísindabraut skólans til þess að ná einkunninni 10 í öllum kjarnaáföngum í stærðfræði og eðlisfræði. Huy segist ætla að nýta þetta góða tækifæri til menntunar til þess að afla sér gráðu í hugbúnaðarverkfræði.

Jóhann Ragnarsson lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík í vor. Hann hefur lokið miðprófi í bæði tónfræði og trompetleik frá Tónlistarskóla Kópavogs og átt sæti í Ólympíuliði Íslands í efnafræði. Hann hefur tekið þátt í þremur Evrópuverkefnum sem miða að auknu samstarfi meðal ungmenna í Evrópu og sinnti auk þess ýmsum félagsstörfum innan skólans. Jóhann hyggur á nám í verkfræðilegri eðlisfræði.

Jón Hlökkver Friðriksson tók við stúdentsskírteini frá Menntaskólanum í Reykjavík í vor. Hann tók þátt í Ólympíuleikunum í efnafræði í fyrra fyrir Íslands hönd og hefur einnig mikinn áhuga á líffræði og eðlisfræði. Hann hefur því innritað sig í verkfræðilega eðlisfræði í haust.

Jón Pálsson var semidúx Borgarholtsskóla við útskrift í vor og fékk verðlaun fyrir frábæran árangur í fjölmörgum greinum. Hann útskrifaðist jafnframt af Afreksíþróttabraut Borgarholtsskóla en Jón hefur æft handbolta með Fjölni frá unga aldri og hefur verið valinn í undir 20 ára landslið Íslands í greininni. Jón hyggur á nám í stærðfræði.

Kristín Björg Bergþórsdóttir var dúx Menntaskólans í Reykjavík í vor og hlaut m.a. verðlaun í eðlisfræði, stærðfræði, efnafræði og tölvunarfræði. Hún æfði fimleika í tíu ár og keppti með unglíngalandsliði Íslands í hópfimleikum á Evrópumótinu í Malmö árið 2010. Kristín var einnig virk í félagsstarfi skólans og hefur náð góðum árangri í ýmsum keppnum meðal framhaldsskólanema. Hún fer fyrir hönd Íslands á Ólympíuleikana í eðlisfræði sem verða haldnir í Mumbai á Indlandi í júlí næstkomandi. Kristín stefnir á nám í stærðfræði í haust.

Kristófer Kristinsson brautskráðist frá Menntaskólanum í Reykjavík með afar góðum árangri og hlaut ýmis verðlaun við útskrift. Kristófer lét til sín taka í leiklistarlífi menntaskólans og tók þátt í tveimur leiksýningum Herranætur. Hann hyggur á nám í verkfræðilegri eðlisfræði.

Rósa Ingibjörg Tómasdóttir útskrifaðist frá Verkmenntaskólanum á Akureyri fyrir skemmstu með ágætiseinkunn. Hún hefur látið að sér kveða í tónlist og lokið miðstigsprófi frá Tónlistarskólanum á Akureyri. Rósa var afar virk í félagsstarfi Verkmenntaskólans og hefur einnig komið að kórstjórn í Glerárkirkju. Þá æfði hún sund norðan heiða í fjölmörg ár. Rósa stefnir á nám í læknisfræði.

Sara Líf Magnúsdóttir hefur nýlokið stúdentsprófi frá Fjölbrautaskólanum í Breiðholti með ágætiseinkunn. Við skólaslit hlaut hún ýmis verðlaun fyrir námsárangur og fyrir vel unnin störf í þágu nemendafélags skólans. Hún hefur einnig lagt stund á dans, leiklist og tónlist. Fornir menningarheimar og bókmenntir hafa heillað Söru og því hyggst hún hefja nám í almennri bókmenntafræði og klassískum fræðum í haust.

Sigríður Diljá Vagnsdóttir brautskráðist frá Menntaskólanum á Akureyri fyrr í júní með ágætiseinkunn. Hún er ættuð úr Þingeyjarsveit og hefur unnið á sauðfjár- og kúabúi foreldra sinna frá blautu barnsbeini. Sigríður fann sína háskólagrein, íslensku, á síðasta Háskóladegi í Háskóla Íslands og hyggst að loknu námi starfa sem íslenskukennari í framhaldsskóla.

Sigrún Jónsdóttir lauk stúdentsprófi frá Fjölbrautaskóla Suðurlands á síðasta ári og tók það hana aðeins þrjú ár. Hún hlaut fjölmörg verðlaun fyrir árangur í námi. Samhliða námi í framhaldsskóla æfði Sigrún fimleika með bæði meistaraflokki Selfoss og Fimleikaakademíu Fjölbrautaskóla Suðurlands ásamt því að þjálfa yngri iðkendur í greininni. Sigrún stefnir á nám í læknisfræði í haust.

Sigurjón Már Ólason var dux Menntaskólans við Sund í vor. Hann státar af Íslandsmeistaratitli í tæknilegí úr grunnskólanámi við Salaskóla auk þess sem hann æfði m.a. knattspyrnu, frjálssar íþróttir og keilu á yngri árum. Sigurjón hyggur á nám í viðskiptafræði með áherslu á stjórnun í haust.

Snædís Rán Hjartardóttir brautskráðist frá Menntaskólanum við Hamrahlíð í vor. Hún hefur vakið landsathygli fyrir baráttu sína fyrir réttindum fatlaðra, ekki síst réttinum til túlkajónustu. Snædís var í hópi skyttanna þriggja sem fóru niður Laugavegin og könnuðu aðgengi í miðbænum sumarið 2012 en sá hópur var tilnefndur til hvatningarverðlauna Öryrkjabandalags Íslands um haustið sama ár. Þá sat hún í stjórn Fjólu, félags fólks með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu. Snædís stefnir á nám í stjórnmálafræði í haust.

Sóley María Nótt Hafþórsdóttir lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum við Hamrahlíð í vor og var dux skólans. Hún hefur einnig lokið framhaldsnámi í sellóleik ásamt tónfræðigreinum frá Tónlistarskóla Kópavogs. Sóley stefnir á nám í stærðfræði og hyggst starfa sem stærðfræðingur í framtíðinni.

Sólrún Hedda Benedikz Hermannsdóttir brautskráðist með stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík vorið 2014 og hlaut m.a. verðlaun fyrir góðan árangur í tungumálum. Þá hefur hún lokið fyrsta stigi í klassískum söng og miðstigi í tónfræði. Hún hefur m.a. áhuga á tungumálum og ritlist og hefur innritað sig í almenn málvísindi í Háskóla Íslands í haust.

Sólveig Bjarnadóttir er stúdent frá Menntaskólanum í Reykjavík. Hlaut hún m.a. verðlaun í íslensku, sagnfræði og stjórnufræði. Sólveig æfði knattspyrnu í tíu ár með íþróttafélaginu Fylki í Árbænum og státar af unglíngadómaraprófi í greininni. Hún hefur einnig lagt stund á píanónám, bæði klassískt og djass, og leikur nú með Stórsveit Tónlistarskóla Garðabæjar. Þá hefur hún starfað með ungliðahreyfingu Íslandsdeildar Amnesty International. Í haust hyggur hún á nám í læknisfræði við Háskóla Íslands.

Sólveig Rún Samúelsdóttir brautskráðist frá Fjölbautaskóla Vesturlands haustið 2013 og var þá dux skólans. Á námsárunum var hún afar virk í félagslífi skólans og sat m.a. í stjórn nemendafélagsins ásamt því að taka þátt í leiksýningu á vegum þess. Sólveig hefur starfað með Björgunarfélagi Akraness frá því árið 2008 og látið til sín taka í stjórnmálum á Akranesi. Eftir stúdentspróf tók hún sér rúmlega árshlé frá námi sem hún nýtti til sjálfboðastarfa í Afríku. Sólveig stefnir á nám í læknisfræði.

Stefanía Kolbrún Ásbjörnsdóttir er stúdent frá Verzlunarskóla Íslands með ágætiseinkunn en á menntaskólaárunum fór hún sem skiptinemi til Chile. Hún hefur lagt stund á fjölda íþróttagreina en stundar í dag knattspyrnu og á að baki leiki með yngri landsliðum í greininni. Stefanía hyggur á nám í hagfræði í haust.

Tryggvi Unnsteinsson lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri fyrr í mánuðinum. Hann hefur lagt stund á gítarnám ásamt því að sækja ýmis námskeið á vegum Björgunarskóla Slysavarnarfélagsins Landsbjargar. Þá keppti hann á Ólympíuleikunum í eðlisfræði fyrir Íslands hönd í fyrra. Tryggvi kom á Háskóladaginn í Háskóla Íslands fyrr á árinu og þar tók hann ákvörðun um að innrita sig í nám í jarðeðlisfræði í haust.

Valentin Oliver Loftsson var semídux Verzlunarskóla Íslands í fyrravor. Hann æfði samkvæmisdansa í rúm ellefu ár hjá Dansíþróttafélagi Hafnarfjarðar og lærði á gítar í nokkur ár hjá Tónlistarskóla Hafnarfjarðar. Frá útskrift hefur hann helgað sig þjónustu á vegum Bahá'í samfélagsins á Íslandi, ekki

síst í verkefni sem snýr að andlegri eflingu unglunga á aldrinum 12-15 ára. Valentin stefnir á nám í hugbúnaðarverkfræði í haust.